



Viðhorf foreldra til skólans og skólastarfsins

Könnun gerð í apríl 2008

Formáli

Í byrjun apríl 2008 var gerð könnun á viðhorfum foreldra til Salaskóla. Könnunin var unnin af Huldu Björnsdóttur deildarstjóra og Hafsteini Karlssyni skólastjóra.

Könnunin var gerð með könnunarforritinu Surveymonkey sem er á vefnum. Könnunin var tengd við netföng foreldra og gat hvert foreldri aðeins svarað einu sinni. 391 foreldri svaraði könnuninni af um 700 foreldrum sem gátu tekið þátt. 415 nemendur eru í skólanum og má leiða líkum að því að foreldrar 70% - 80% barna hafi svarað. Í 70% tilfella svöruðu mæður listanum en í 30% tilfella feður.

Könnuninni var skipt í þrennt. Sérstök könnun var lögð fyrir foreldra barna í 1. – 4. bekk, önnur fyrir foreldra barna í 5. – 7. bekk og sú þriðja fyrir unglingastigið. Í þessari skýrslu eru niðurstöður lagðar saman í þeim spurningum sem voru eins, en þær voru langflestar hinar sömu.

Í könnuninni gátu foreldrar einnig skrifað það sem þeim lá á hjarta um starf skólans og í lok skýrslunnar er útdráttur úr þeim skrifum.

Könnun þessi er liður í sjálfsmati skólans og gefur okkur sem störfum í skólanum mikilvægar vísbendingar um starfið í skólanum. Hún hjálpar okkur við að bæta starf skólans. Ætlunin er að leggja könnun af svipuðu tagi fyrir foreldra með reglulegu millibili.


Sambærileg könnun hefur ekki verið gerð áður við Salaskóla og því ekki hægt að sjá hvort við höfum bætt okkur eður ei. Fróðlegt verður að sjá samanburð eftir næstu könnun sem við gerum. Könnun var gerð á viðhorfum foreldra í Reykjavík til skóla þar árið 2006 og eru sumar spurningar í okkar könnun sambærilegar við hana.

Þetta er skýrsla yfir niðurstöður og í henni eru sem minnst reynt að túlka þær. Þó eru sumsstaðar skýringar og athugasemdir og vissulega höfum við valið úr skriflegum athugasemdum foreldra. Við eftirlátum lesendum túlkunina en munum að sjálfsögðu rýna í niðurstöðurnar sjálf og hafa þær til hliðsjónar við gerð umbótaáætlunar.


Við þökkum öllum foreldurum sem tóku þátt í könnuninni og við munum nýta okkur niðurstöður hennar til að bæta skólastarfið nemendum til heilla.

Viðhorf til skólans

Ertu ánægður með Salaskóla?




Getur þú mælt með Salaskóla við aðra foreldra?




86 % foreldra eru mjög ánægð eða frekar ánægð með Salaskóla og 84 % telja sig mjög svo eða frekar geta mælt með skólanum. 6-7 % foreldra lýsa óánægju með skólann og telja sig varla geta mælt með honum við aðra foreldra.

Nám og kennsla




80 % foreldra eru ánægð með kennsluna sem barnið fær. Um 8 % er óánægð.




Flestir foreldrar eru sáttir við heimanámið og telja það hæfilegt. Athygli vekur að 28 % telja heimavinnu of litla.

Aðstoðar þú barn þitt við heimanám?




Hvernig finnst þér þær námslegu kröfur sem gerðar eru til barnsins í skólanum?



Langflestir eru sáttir við þær námslegu kröfur sem skólinn gerir til nemenda. Athygli vekur að 24 % telja kröfurnar þó of litlar.


Telur þú að barnið þitt fái verkefni við hæfi í skólanum?




Þessar niðurstöður er í svipaðar spurningunnu um hvort námslegar kröfur til barnsins séu hæfilegar. Álíka hlutfall telur að barnið fái verkefni við hæfi og telja námslegar körfur hæfilegar.

Líðan og agi


Telurðu að agi sé of lítill, hæfilegur eða of mikill?




Hvernig er tekið á agamálum?




Telurðu að barninu þínu líði alltaf, oftast, sjaldan eða aldrei vel í skólanum?




Telurðu að barninu þínu líði alltaf, oftast, sjaldan eða aldrei vel í kennslustundum?




Telur þú að barninu þínu líði alltaf, oftast, sjaldan eða aldrei vel í íþróttatímum?




Telur þú að barninu þínu líði alltaf, oftast, sjaldan eða aldrei vel í búningklefa?



Telur þú að barninu þínu líði alltaf, oftast, sjaldan eða aldrei vel í frímínútum?




Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum á liðnu skólaári?




Í svörum kom fram verulegur munur á milli unglिंगadeildar og 1. – 7. bekkjar. Í unglिंगadeild svöruðu 6,5 % foreldra spurningunni játandi en í yngri bekkjunum voru það 19 %.

Ertu sáttu við hvernig var tekið á eineltinu í skólanum?



Þessi spurning er dálítið erfið fyrir marga foreldra, þar sem þeir vissu ekki hvernig tekið var á eineltismálum. Því merkja líklega margir við hvorki / né möguleikann. Hátt í þriðjungur foreldra svaraði ekki spurningunni.


Ertu ánægður eða óánægður með gæsluna á skólalóð í frímínútum?




Svör foreldra við þessari spurningu koma okkur ekki á óvart. Um þriðjungur er óánægður með gæsluna á skólalóð. Þetta viðhorf hefur komið fram á fundum okkar með foreldrum.

Samskipti og upplýsingar


Ertu ánægður eða óánægður með viðmót umsjónarkennara í samskiptum við þig?




Ertu ánægður eða óánægður með viðmót umsjónarkennara í samskiptum við barnið?




Ertu ánægður eða óánægður með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara til þín um barnið?




Ertu ánægður eða óánægður með hvernig gengur að ná í umsýgnarkennara ef með þarf?




Hefur þú haft samband við umsýgnarkennara utan foreldrafunda?




Ertu ánægður eða óánægður með hvernig umsjónarkennari upplýsir foreldrahópinn um líðan og félagsanda í bekknum s.s. ef einelti kemur upp?




Hefur umsjónarkennari haft samband við þig að fyrra bragði utan foreldrafunda?




Hvernig finnst þér samstarf Salaskóla við foreldra?




Hversu ánægður eða óánægður ertu með síðasta formlega foreldraviðtal sem þú fórst í?




Hefur þú farið inn á heimasíðu Salaskóla?




Fundust þér upplýsingar á heimasíðu gagnlegar?



Hvernig finnst þér upplýsingaflæði til þín frá skólanum vera?




Hvaða þætti í skólastarfinu vildir þú helst hafa áhrif á?




Niðurstaðan er sú að foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti sín við skólann. Helst að megi bæta upplýsingaflæði frá umsjónarkennurum til foreldra um starfið í bekknum.

Stjórnun

Ertu ánægður eða óánægður með hvernig Salaskóla er stjórnað?




Hefur þú komið í morgunkaffi með skólastjórnendum í Salaskóla í haust?




Tómstundastarf


Hefur barnið þitt verið í vistun í dægradvöl á þessu skólaári?



Hver er ástæða þess að þú nýtir þér dægradvölin?




Hversu ánægður eða óánægður ertu með möguleika barnanna á íþrótt- og tómstundastarfi að loknum skóladegi?




Skólabúningur

Viltu taka upp skólabúning í Salaskóla?



Vetrarleyfi



Athugasemdir foreldra um skólastarfið

Gott starf

Foreldrar lýsa yfir almennri ánægju með starfið í Salaskóla. Þeir telja að skólinn hafi að skipa góðu starfsfólki og að hann sé vel búinn í góðu umhverfi. Foreldrum þykir líka ríkja metnaður hjá stjórnendum skólans og kennurum og er það talið mikilvægt. Sérkennslan fær mikið hrós og einnig smiðjukennararnir fyrir skapandi og skemmtilegt starf. Einnig er mikil ánægja með tónlistarkennsluna og sumir óska eftir meiri tónlistarkennslu. Fjölgreindaleikarnir, 100 daga hátíð, skólahreysti, legókeppni og skák eru atburðir sem eru nefndir skólanum til hróss. Foreldrar tala um að vel sé tekið á eineltismálum. Ánægja kemur fram um fjölbreyttar kennsluáðferðir og námsmatið. Nemendum líður vel að mati foreldra og eiga félagar sem eru yngri og eldri. Foreldrar eru ánægðir með skólastjórnendum og upplýsingamiðlum frá þeim og kennurum. Þó er talið að enn betur megi nýta heimasíðuna og Mentor.

Ein setning hljómar svo: „Ég vil hvetja ykkur áfram í ykkar frábæra starfi og er stolt að segja frá því að börnin mín séu í Salaskóla“.

Fyrirhugaðar breytingar

Í kjölfar mikillar umræðu kennara um kennsluskipulag Salaskóla ásamt sterkum vilja foreldra var í mars tekin ákvörðun um að breyta skipulagi talsvert á öllum stigum í

skólanum. Á yngra stigi felst breytingin í því að aldursblandaðir bekkir eru aflagðir en í staðinn teknir upp árgangabundnir bekkir. Hver bekkur mun hins vegar eiga sér samvinnubekk, eldri eða yngri, sem hann vinnur með hluta stundaskrárinnar. Með þessu nást fram kostir árgangabundinna námshópa en einnig kostir aldursblöndunar. Á unglíngastigi er aftur á móti fyrirhugað að gefa nemendum kost á meira vali, mismunandi námshraða, meiri list- og verkgreinakennslu sem og þess að geta betur stýrt námi sínu í samræmi við sinn námsstíl.

Breytingar þessar voru kynntar fyrir foreldrum eftir að könnunin var sett af stað og áður en henni var lokið. Í skrifum sínum gagnrýna foreldrar það fyrirkomulag sem hefur verið og þá sérstaklega aldursblandaða bekki, en fagna fyrirhuguðum breytingum. Ef breytingar þessar hefðu verið kynntar fyrir foreldrum áður en könnunin var sett af stað hefði það e.t.v. haft áhrif á svör þeirra við könnuninni.

Það sem má bæta

Nokkrir foreldrar lýsa yfir áhyggjum af tíðum kennaraskiptum og má rekja þau beint til hinna aldursblönduðu bekkja. Þessi tíðu kennaraskipti vógu þungt í þeirri ákvörðun að snúa frá aldursblönduðum bekkjum og taka upp annað fyrirkomulag eins og fram kemur hér að ofan. Einnig nefna nokkrir foreldrar að karlkennarar séu fáir og má það til sanns vegar færa. Það horfir þó til bóta, en þrír karlar bætast í kennarahópinn á næsta skólaári.

Mjög mikil gagnrýni kemur fram á fataherbergi fyrir yngstu krakkana og ljóst að huga þarf að lausn á umgengni þar. Einnig ítreka foreldrar yngri barnanna að auka þurfi gæslu í frímínútum.

Foreldrar óska eftir breytingum á dægradvölinni og tengingu við íþrótt- og tómstundastarf. Verið er að vinna að breyttu fyrirkomulagi sem tekur gildi í haust og kemur að einhverju leyti til móts við þessar óskir.

Nokkrum foreldrum finnst agavandamál vera helsta vandamál skólans. Mikil ólæti þegar börnin mæta í skólann og þau eru óörugg á skólalóðinni. Taka þurfi harðar á agabrotum og afleiðingar agabrota þurfi að vera skýrari að skýr skilaboð séu um ábyrgð foreldra og þátttöku þeirra. Gerð er athugasemd við sjoppuferðir nemenda og á hvers ábyrgð þau eru á þeim ferðum? Foreldri talar um að börnin fái ekki nógu mikið aðhald og aga hvað varðar námið. Námið unnið með hálfum huga og þau missa áhugann. Kalla eftir samvinnu við nemendur í að uppræta skemmdarverk í skólanum.

Nokkrir foreldrar vilja auka val um daga hvenær börnin geta borðað og telja að einfalt væri að koma upp kerfi fyrir það. Salatbar er nefndur sem góður kostur og fylgst verði vel með hollustu matarins. Einn segir um mötuneytið: „*Dóttir mín í 8. bekk kvartar oft undan því að maturinn sé búinn þegar hún kemur í mat. Mætti gjarnan skoða það mál.*”

Foreldrum finnst sumum skólinn eiga langt í land með að uppræta einelti og stríðni eldri barna við þau yngri. Sumum finnst börnin nota ljót orð við hvert annað og þyrfti að vinna meira með það.

Skiptar skoðanir eru á því hvort vetrarleyfisdagarnir eiga að vera allir saman einu sinni frekar en að dreifa þeim eins og kemur fram í svörum þeirra við spurningunni um vetrarleyfi. Sumir óska eftir meiri samræmingu eins og t.d. við Reykjavík. En einn vill alfarið ráða því hvenær hann tekur vetrarfrí.

Foreldrar vilja bæði meira heimanám og minna. Einn segir: „*Hef áhyggjur af því að barnið sé ekki að fá nógu mikinn heimalærdóm og erfitt að fylgjast með því hvað var tekið fyrir í skólanum. Finnst stundum eins og barnið þurfið aldrei að læra. Held að það geti alveg lagt meira á sig. Hef viðmið úr öðrum skóla og finnst þau börn hafa meira heimanám, kannski unnið minna í skólanum þar, þó ég efi það. Vildi sjá líka tungumál koma fyrr inn og reyna að fá fyrirtæki til að styrkja það nám.*“ Og svo annar: „*Mér finnst að afnema eigi heimanám. Skóladagurinn er nógu langur. Heimanám samræmist ekki nútíma þjóðfélagi. Frekar ætti að hafa viðtöl oftari eða finna eitthvert form til að upplýsa foreldra um námslega stöðu barna sinna og gera áætlun um næsta námstímabil. Miðað við lengd skólaárs tel ég að skólinn ætti að skiptast í fjórar annir.*“

Nokkrir foreldrar nefna að tungumálakennsla mætti hefjast fyrr. Einhver segir að bæta þurfi stærðfræðikennsluna. Eitt foreldri nefnir að auka megi lifandi starf. s.s . setja upp leikrit, sýna dans, vera í leikrænni tjáningu og sýna þetta öðrum.

Auk þessa komu fram athugasemdir og ábendingar um ýmis atriði, s.s. starfsdaga kennara, óþarfa áhersla á hraðlestur í yngri bekkjunum, að börnin fari út í brjáluðu veðri, bæta þurfi kennsluaðferðir, verkefni nemenda verði meira sýnileg fyrir foreldra, meira mark sé tekið á útkomu samræmdu prófanna, skólalóðin og aðkoma bíla við lóðina verði bætt, tapað fundið verði lagt til sýnis eins og áður, ekki sé sama skólabúningur

eða flíspeysa merkt skólanum, einstaklingsmiðaða námið sé ekki nógu einstaklingsmiðað og gera þurfi ráðstafanir vegna forfalla kennara.